

Gleymum ekki því sem vel hefur tekist

Undanfarið hafa fréttir af lækkun lífeyrisréttinda nokkurra lífeyrissjóða verið í fréttum. Vegna efnahagshrunsins hafa eignir sjóðanna rýrnað og nú er komið að því að aðlaga réttindin að minni eignum. Það eru alltaf vond tíðindi þegar lífeyrisréttindi lækka. Almenni lífeyrissjóðurinn er einn þeirra sjóða sem hefur þurft að lækka réttindin. Sjóðurinn og forverar hans hafa hins vegar hækkað lífeyrisréttindi verulega umfram verðlag og laun á síðustu árum.

Lögbundin réttindi


Núverandi lög um starfsemi lífeyrissjóða tóku gildi þann 1. júlí 1998. Með þeim urðu mikil tímamót því þá var í fyrsta sinn samþykkt heilstæð löggjöf um lífeyrissjóðina. Í lögunum eru m.a. skilgreind lágmarksréttindi sem sjóðir þurfa að tryggja til að fá starfsleyfi. Í því felst að sjóðirnir skulu tryggja sjóðfélögum verðtryggðan ellilífeyri til æviloka, greiða örorku- og barnalífeyri ef starfsgeta minnkar og greiða maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn uppfyllir þessi skilyrði og rúmlega það. Sjóðurinn nýtur þess að örorkutíðni sjóðfélaga er mjög lág og þess vegna getur hann varið hærra hluta iðgjalds til að greiða eftirlaun. Sjóðurinn greiðir hærra örorkulífeyri en lágmark samkvæmt lögum og tvöfalt hærra barnalífeyri. Eigi börn látinna sjóðfélaga ekki foreldra á lífi greiðir Almenni lífeyrissjóðurinn tvöfaldan barnalífeyri eða fjórfalt hærra en lög gera ráð fyrir. Makalífeyrir er hefðbundinn en þar sem þriðjungur lágmarksíðgjalds greiðist í séreignarsjóð þá njóta makar þess að inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga.

Hækkun þrátt fyrir skerðingu

Frá því lífeyrissjóðalögin tóku gildi árið 1998 hefur Almenna lífeyrissjóðnum og forverum hans tekist að hækka lífeyrisréttindi umfram verðbólgu um 20%-50%. Í þessum tölum er búið að taka tillit til lækkunar á réttindum síðustu tvö ár vegna efnahagshrunsins. Hækkun lífeyrisréttinda er mismunandi mikil eftir hópum og skýrist af því að réttindi í eldri lífeyrissjóðum voru ólík. Réttindi arkitekta hafa hækkað um 50% umfram verðlag. Réttindi lækna hafa hins vegar hækkað eða um 20% en réttindi í Lífeyrissjóði lækna voru hlutfallslega „dýr“ vegna ævilangs makalífeyris.

Hækkun ellilífeyris umfram verðlag 1998-2010



Þrátt fyrir áföll 2008 og 2009 hafa réttindi hækkað verulega umfram verðlag frá 1998 eða á bilinu 20% til 50%.


Mismunandi réttindi í eldri lífeyrissjóðum skýra mun á milli hópa.

Hækkun umfram laun og verðlag

Frá árinu 1998 hafa vegin lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum hækkað um 147%. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 119% og vísitala neysluverðs um 96%. Skýringar á miklum hækkunum lífeyrisréttinda eru góð langtímaávöxtun en fyrir hrun hafði samtryggingarsjóðurinn skilað 6,4% raun-ávöxtun á ári frá 1998. Önnur skýring er að

eldri sjóðir (Lífeyrissjóður arkitekta og Lífeyrissjóður lækna) breyttu réttindaávinnslu og tóku upp aldurstengd réttindi en með því tókst að hækka réttindi samhliða því að gera sjóðina ónæma fyrir breytingu á aldursamsetningu sjóðfélagahópsins. Þriðja skýringin er að sjóðfélagar njóta góðs af meiri áhættudreifingu sem hefur náðst fram með sameiningum forvera lífeyrissjóðsins.

Próun lífeyris 1998-2010 og samanburður við laun og verðlag



Frá árinu 1998 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum hækkað um 147% og meira en launavísitala og vísitala neysluverðs.

Á myndinni hafa lífeyrisréttindi hópa verið vegin saman.

Auðveldara að hækka en lækka

Á góðæristímabilinu var mikill þrýstingur á lífeyrissjóðina að hækka réttindi og láta sjóðfélaga njóta góðrar afkomu með auknum réttindum. Ef til vill fóru margir sjóðir fram úr sér, þ.a.m. Almenni lífeyrissjóðurinn, með miklum hækkunum sem nú hafa verið dregnar tilbaka að hluta. Reynslan sýnir að lækkun lífeyrisréttinda er mjög erfið og sársaukafull aðgerð. Það vill engin fá launalækkun en fyrir lífeyrisþega þýðir lækkun réttinda færri krónur í mánaðarlegan lífeyri.

Sveiflur á lífeyrisréttindum eru ekki æskilegar. Lífeyrissjóðirnir verða að læra af efnahagshruninu og dreifa eignum betur til að draga úr sveiflum í ávöxtun og breytingum á lífeyrisréttindum. Sjóðirnir verða líka að fara varlega í framtíðinni í að auka réttindi og gera það ekki nema þeir eigi varasjóð fyrir næstu niðursveiflu. Hafa ber í huga að lífeyrisréttindin eru verðtryggð og breytast mánaðarlega með breytingum á vísitölu neysluverðs.

Aldrei aftur

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur brugðist við efnahagsáfallinu með margvíslegum aðgerðum. Meðal annars hefur sjóðurinn breytt fjárfestingarstefnu sinni, aukið vægi innlendra og erlendra ríkisskuldabréfa og lækkað hámarks-vægi á einstaka útgefendur. Fyrir sjóðfélaga í séreignarsjóði hefur sjóðurinn fjölgað ávöxtunarleiðum og býður nú til viðbótar við blönduð verðbréfasöfn ávöxtunarleiðir sem fjárfesta eingöngu í innlánum og ríkisskuldabréfum.

Lækkun eigna og lífeyrisréttinda síðustu tvö ár eru sár reynsla sem enginn vill ganga í gegnum aftur. Hún bitnar verst á þeim sem eru byrjaðir að fá lífeyrisgreiðslur eða ganga á inneign sína í séreignarsjóði. Stjórn og starfsfólk Almenna lífeyrissjóðsins eru staðráðin í að gera allt til að læra af reynslu síðustu ára og draga úr sveiflum vegna efnahagsáfalla. Með því móti getum við viðhaldið góðri sögu frá 1998 sem má ekki gleymast þrátt fyrir að á móti blási í bili.